

# Áveitan

6. tbl. 7. árgangur. Júní 2013

## Leikjanámskeið ungmennafélaganna hefst á þriðjudag

Næstkomandi þriðjudag 4. júní hefst leikjanámskeið ungmennafélaganna fyrir krakka 6-12 ára eða þau sem fædd eru á árunum 2001-2007. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver alla virka daga frá 4.-14. júní frá kl. 13:00-15:30. Kennari verður sem fyrr Ólafur Guðmundsson íþróttakennari. Skráningar berist til formanna ungmennafélaganna í síðasta lagi á mánudag, 3. júní.

Guðmunda Ólafsdóttir 846-9775

Baldur Gauti Tryggvason 867-3538

Stefán Geirsson 867-6907

Allir verða að mæta klæddir eftir veðri og gott er að hafa meðferðis örlítið af hollu og góðu nesti. Verð er kr. 4000 á þátttakanda en veittur er 500 kr. systkinaafsláttur. Hvert félag sér um að rukka sína þátttakendur.

Með von um góða þátttöku nú eins og undanfarin ár.

Ungmennafélögin

## Fjör í Flóa 31. maí til 2. júní 2013

Kæru sveitungar, við hvetjum ykkur öll til að taka virkan þátt í Fjör í Flóa, þetta er menningarhátíðin okkar. Margt er til skemmtunar og langar okkur sérstaklega að minna ykkur á morgunverðinn sem verður í Þingborg á laugardagsmorguninn, um kvöldið verður svo kvöldvaka í Þjórsárveri þar sem m.a. hinir einu sönnu kaffibrúsakarlar koma fram. Ýmiskonar sýningar, sölubásar, kaffihlaðborð og opin hús verða m.a. á „Fjöriinu“. Þá mun Möguleikhúsið vera með barnaleikrit í Félagslundi á laugardeginum og Karius og Baktus koma í Þjórsárver á sunnudeginum. Dagskrána má sjá í heild sinni hér í blaðinu og einnig á heimasíðu Flóahrepps, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

Rekstarstjórn félagsheimilanna



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Niðurstöður skoðanakönnunar vegna leikskólans Krakkaborgar

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var farið yfir niðurstöður skoðanakönnunar um framtíðarstaðsetningu leikskólans Krakkaborgar. Eins og áður hefur verið kynnt voru 60% kjósenda hlynntir því að leikskólinn verði áfram í Þingborg. Ágæt þátttaka var í skoðanakönnuninni eða um 74% kjósenda. Kjörstjórn og varakjörstjórn héldu utan um skoðanakönnunina og talningu að henni lokinni og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir góða stjórn og skipulag og jákvæðni fyrir því að taka þetta verkefni að sér. Sveitarstjórn samþykkti að setja á laggirnar vinnuhóp til að skoða uppbyggingu og viðhald húsnæðisins Krakkaborgar með það í huga að framtíðarstaðsetning leikskólans verði í Þingborg. Í vinnuhóp eigi sæti Karen Viðarsdóttir leikskólalastjóri, Hallfríður Aðalsteinsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri, Rannveig Bjarnfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar, Elín Höskuldsdóttir formaður fræðslunefndar, Aðalsteinn Sveinsson oddviti og Ingunn Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs. Einnig situr sveitarstjóri fundi sem starfsmaður vinnuhópsins.

Vinnuhópurinn hefur fundað í eitt skipti þegar þessi orð eru skrifuð þar sem meðal annars var rætt um endurbreytingar, viðhald og nýframkvæmdir við leikskóla.

### Samningur við skólalastjóra

Gengið hefur verið frá ráðningu Guðmundar Freys Sveinssonar í stöðu skólalastjóra Flóaskóla. Guðmundur hefur sinnt starfi skólalastjóra í afleysingum fyrir Kristínu Sigurðardóttir sem tók sér launalaust leyfi í eitt ár frá störfum. Um leið og Kristínu eru þökkuð góð störf sem skólalastjóri Flóaskóla frá árinu 2004 er Guðmundi óskað velfarnaðar í sínum störfum.

### Samningar um skólaakstur

Samið hefur verið um skólaakstur fyrir skólaárið 2013-2014. Samið var við sömu aðila og hafa annast skólaakstur undanfarin ár en það eru þau Kristján Einarsson, Sigurður Ólafsson, Guðmundur Sigurðsson, Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson. Allt eru þetta traustir og góðir bílstjórar sem hafa tekið að sér þá miklu ábyrgð sem felst í því að koma börnunum til og frá skóla.

### Menningarstyrkir Flóahrepps

Menningarstyrkir Flóahrepps verða afhentir kl. 16, föstudaginn 31. maí n.k. í Þingborg.

Menningarstyrkjum er nú úthlutað í fyrsta skipti og til ráðstöfunar voru 1.000.000 kr. Þeir aðilar sem fá úthlutað eru:

Hannes Lárusson, 500.000 kr. vegna sýningar um torfbyggingar í Austur-Meðalholti. Sóknaarnefnd Villingaholtskirkju, 350.000 kr. vegna vinnu við að koma kirkjunni í upprunalegt horf.

Svanhvít Hermannsdóttir, 150.000 kr. til gerðar veggspjalda um hið merka mannvirki Flóaaáveituna.

Á sama tíma og menningarstyrkir verða afhendir verður kjör um íþróttamann ársins opinberað við hátíðlega athöfn.

Kaffiveitingar verða í boði Flóahrepps og eru allir boðnir velkomnir.

### **Orkugerðin í Hraungerði**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Jóhanni Helga Hlöðverssyni, ferðaþjónustubónda í Vatnsholti, þar sem hann hvetur til aðgerða vegna lyktarmengunar frá Orkugerðinni í Heiðargerði. Sveitarstjórn tók undir orð Jóhanns Helga og telur löngu tímabært að farið verði í aðgerðir af hálfu eigenda Orkugerðarinnar til að lágmarka ólykt frá verksmiðjunni og að umgengni á svæðinu verði lagfærð.

Eigendur og Heilbrigðiseftirlitið hafa fengið sent bréf frá sveitarstjórn þar sem hvatt er til þess að allir hlutaðeigandi leggist á eitt um að koma rekstri og umhverfi Orkugerðarinnar í betra horf en nú er þannig að allir aðilar geti verið stoltir af.

### **Drög að reglum um námsmannaafslátt af fargjöldum með strætó**

Sveitarstjórn samþykkti á fundi 8. maí s.l. reglur um námsmannaafslátt af fargjöldum með strætó.

Námsmenn með lögheimili í Flóahreppi sem skráðir eru í nám við framhaldsskóla eða háskóla fá 15% afslátt af fargjöldum með strætó gegn framvísun persónulegs korts. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps ásamt vottorði um skólavist og staðfestingu á kaupum á persónulegu korti.

### **Umsjónarmaður fasteigna**

Guðmundur Jón Sigurðsson, umsjónarmaður fasteigna hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 31. júlí n.k. Guðmundi, sem sinnt hefur starfinu frá árinu 2007, eru þökkud góð og vönduð störf í þágu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gera skipulagsbreytingu til reynslu í eitt ár sem felst í því að sameina störf húsvörðar Flóaskóla og umsjónarmanns fasteigna og var sveitarstjóra falið að leita samninga við húsvörð Flóaskóla um breytingar á hans starfslýsingu.

### **Viðhald heimreiða í Flóahreppi**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lögð fram bókun frá aðalfundi Búnaðarfélags Gaulverja dags. þar sem hvatt var til að viðhaldi heimreiða í Flóahreppi sé betur sinnt.

Sveitarstjórn tók undir bókun búnaðarfélagsins og hefur Vegagerðinni verið sent erindi þar sem málinu er komið á framfæri.

### **Friðarhlaup 2013**

Dagana 20.júní - 12. júlí verður hlaupið Friðarhlaup um allt Ísland. Þá mun alþjóðlegur hópur hlaupara bera logandi Friðarkyndil á milli byggða til að gefa öllum landsmönnum tækifæri á að taka þátt í viðburði sem hefur að leiðarljósi hugsjónir sáttar og samlyndis. Sérstök áhersla er lögð á þátttöku barna og ungmenna, sem er skipulögð í samstarfi við Íþróttá- og ungmennahreyfingar.

Friðarhlaupið, eða Sri Chinmoy Oneness-Home Peace Run, eins og það nefnist á ensku, er alþjóðlegt kyndilboðhlaup sem fer fram í öllum heimsálfum ár hvert. Hlaupið er kennt við indverska friðarfrömuðinn Sri Chinmoy (1931-2007) sem m.a. opnaði íslenska Friðarhlaupið árið 1989.

Ísland hefur tekið þátt í Friðarhlaupinu frá upphafi þess árið 1987 og í ár verður hlaupið í 20. sinn. Á þessum tímamótum er ætlunin að hafa hlaupið veglegra en nokkru sinni fyrr og heimsækja öll 74 sveitarfélög á Íslandi.

Verkefnið “leggjum rækt við frið” fer fram samhliða Friðarhlaupinu, en það gengur út á að sveitarfélög gróðursetji tré sem er tileinkað friði. Friðartrén

minna okkur á að rétt eins og við þurfum að hlúa að og leggja rækt við trjáplöntuna svo hún megi vaxa og dafna, þurfum við að hlúa að og leggja rækt við friðinn í sjálfum okkur og samfélaginu, svo hann megi vaxa og dafna.

Laugardaginn 22. júní n.k. verður hlaupið í Flóahreppi, frá Þingborg að Flóaskóla þar sem friðartré verður gróðursett. Lagt verður af stað kl. 15.00 frá Þingborg og eru allir sem tök hafa á, hvattir til að hlaupa með hvort heldur sem er alla leið eða að hluta af leiðinni.

### **Upplýsingar um unglíngavinnu**

Ráðnir hafa verið tveir flokkstjórar við Vinnuskóla Flóahrepps í sumar en það eru þau Haukur Gíslason, kennaranemi frá Stóru Reykjum og Birgitta Þóra Sigurðardóttir á Lækjarmóti. Þau hafa bæði verið flokkstjórar áður í Flóahreppi og eru með mikla reynslu í sambandi við samskipti og samstarf við unglínga. Haukur, Birgitta og unglíngarnir sem starfa munu við Vinnuskólann í sumar eru boðin velkomin til starfa.

### **Sláttur fyrir eldri borgara og öryrkja**

Vinnuskóli Flóahrepps mun bjóða upp á slátt við heimahús fyrir eldri borgara og öryrkja í sumar á tímabilinu 10. júní til 17. júlí. Gjald fyrir slátt á gördum er 22,00 kr. pr/fm en ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi.

Pantanir eru teknar niður í síma 480-4370 frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga.

### **Auglýsing.**

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í sumar frá 8. júlí til og með 19. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

### **Afleysingar**

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í 865-7001 Einar Magnússon.

# Fjör í Flóa

## Fjölskyldu-og menningarhátíð í Flóahreppi

### 31. maí -2. júní

#### Föstudagur 31. maí

**Kl. 8:00-11:00 Leikskólinn Krakkaborg.** Opið hús, boðið verður upp á kaffi, mjólk, nýbakað brauð og álegg. Kveikt verður bál á eldstæðinu okkar ef veður leyfir um klukkan 10 og haldin þar söng- og samverustund. Listaverkasýning á verkum barnanna. Allir eru hjartanlega velkomnir í heimsókn til okkar í Krakkaborg að skoða starf leikskólans og eiga með okkur skemmtilegan dag.

**Kl. 9:00-12:00 Skrifstofa Flóahrepps.** Opið hús, allir velkomnir, ljósmyndir af ýmsum atburðum í Flóahreppi til sýnis.

**Kl.11:00-17:00 Ullavinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús.

**Kl. 13:00-18:00 Tré og list** er lifandi listasmiðja sem kynnir tréskurð og sérstakt handverk. Alexander Ó.B. Kristjánsson á Grund 12 ára með myndlistarsýningu. Myndirnar spanna allt frá fjögura ára aldri. Björg Sörensen Selfossi með sýningu á verkum sínum (postulínsmálun). Nýtt listaverk: Brokkarinn, Sigga á Grund. Nýtt listaverk: Móðir jörð, Ólafur Sigurjónsson. Aðgangseyrir 500, frítt fyrir börn.

**Kl. 13:00-18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur

**Kl. 15:00-18:00 Þingborg.** Málverkasýningin „önnur hugmynd“ eftir Sesselju Ásgeirsdóttur, þetta er sýning á olíu- og vatnslitamyndum. Þetta er önnur einkasýning Sesselju en hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum.

**Kl. 15-18:00 Þingborg.** Lúðvík Karlsson (Liston) sýnir höggmyndir í stein af ýmsum toga, bæði úti og inni.

**Kl. 16:00 Þingborg.** Úthlutun menningarstyrkja, einnig verður kunngjört val á íþróttamanni Flóahrepps. Kaffi í boði Flóahrepps, allir velkomnir.

**Kl. 20:30 „Höskuldarganga“ gönguferð að bæjarstæðinu í Saurbæ.** Gangan hefst á hlaðinu í Vorsabæjarhjáleigu. Gangan um 1,5 km hvor leið. Merkur maður Höskuldur Eyjólfsson bjó þar frá 1925 til 1938. Hann var einn frægasti bruggari landsins á þessum tíma og mun Jón M. Ívarsson segja ýmsar sögur af honum og bruggmálum hans. Allir velkomnir.

#### Laugardagur 1. júní

**Kl. 9:00-12:00 Þingborg, morgunmat** í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund og kjarngóðan morgunmat. Kvenfélag Villingaholtshrepps sér um morgunmatinn. Andilstsmáling verður fyrir börnin og þrautabraut í umsjá unmennafélaganna. Heyrst hefur að Frískir Flóamenn ætla að koma hlaupandi frá Selfossi í morgunmatinn.

**Kl. 9:00-18:00 Þingborg.** Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Gamlir jeppar verða til sýnis á planinu. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með tambólu (hlutaveltu), blóma- og grænmetisölu. Þá verður sögusýning í tilefni af 80 ára afmæli kvenfélagsins. Þá mun kvenfélagið vera með kaffisölu.

**Kl.11:00-17:00 Ullavinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús.

**Kl.11:00-17:00 Vallarhjáleiga.** Einstök upplifun að sjá smáhlutasafn í sumarbústað.

**Kl. 12:00-16:00 Gistiheimilið Lambastaðir.** Opið hús, sýning um Flóaáveituna. Námsverkefni Svanhvítar Hermannsdóttur í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

**Kl. 12:00-15:00 Brandshús.** Opið hús í hænsna- og dúfnakofunum og hvítar bréfdúfur fljúga um, ungar á stjái.

**Kl. 13:00-16:00 Ferðamannafjánhús Egilsstaðakoti.** Opið hús, gestum gefst tækifæri á að skoða aðstöðuna og kynna sér starfsemina.

**Kl. 13:00-18:00 Tré og list** Alexander Ó.B. Kristjánsson á Grund 12 ára er með myndlistarsýningu. Björg Sörensen Selfossi með sýningu á verkum sínum. Aðgangseyrir 500, frítt fyrir börn.

Opið hús á verkstæði Ólafs Sigurjónssonar. Þar mun hann kynna trérenniverk og aðferðir við samlímingu. Listakonan Sigga á Grund kynnir tréskurð .

**Kl. 9:00-18:00 Þingborg** Málverkasýningin „*önnur hugmynd*“ eftir Sesselju Ásgeirsdóttur, þetta er sýning á olíu- og vatnslitamyndum.

**Kl. 9-18:00 Þingborg,** Lúðvík Karlsson (Liston) systir höggmyndir í stein af ýmsum toga, bæði úti og inni.

**Kl. 13:00-18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur.

**Kl. 13:00-17:00 Félagslundur** sýning á málverkum eftir Eyjólf Eyfells, einnig verður leiktjald til sýnis sem hann málaði og var notað í Félagslundu. Þá verður Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps með kökubasar enn einnig verða þær með kaffihúsastemningu þar sem fólki gefst kostur á að kaupa kaffi og kleinur. Einnig sýnir kvenfélagið „slide show“ úr starfi félagsins.

**Kl.13:00-17:00 Félagslundur, sölubásar** ýmsir aðilar verða með sölubása m.a. er tré, gler, þrjónavörur, skartgripir og ýmiskonar hönnun.

**Kl. 12:30 Hraungerðiskirkja.** Barna- og fjölskylduguðþjónusta hjá sr. Óskari Hafsteini Óskarsyni og Axeli Njarðvík.

**Kl. 15:30, Félagslundur, barnaleikrit.** Möguleikhúsið verður með sýninguna Ástarsaga úr fjöllumum. Einnig verður boðið upp á andlitsmálningu.

**Kl. 20:30 Kvöldvaka í Þjórsárveri.** Hinnu einnu sönnu **Kaffibrúsakarlar** koma fram. Eins og alþjóð veit hafa þessir skemmtikraftar snúið aftur, nú er einstakt tækifæri til að sjá þá hér í Flóanum. **Hagyrdöngarnir** Sigurjón Jónsson, Magnús Halldórsson, Kristján Ragnarsson og Dagbjartur Dagbjartsson munu leika lystir sínar undir dyggrí stjórni Guðmunar Stefánssonar í Hraungerði.

Þá mun hljómsveitin Glundroði spila eitthvað fram eftir kvöldi. **Glundroði** spilar alvöru íslenska sveita-þjóðlaga-rokk-popp-suðurríkja tónlist með keim af írskri þjóðlagatónlist. Lögunum þeirra hefur verið mjög vel tekið af öllum aldurshópum. Allir velkomnir, aðgangseyrir kr. 1500.

**Ball verður í Þjósárveri eftir kvöldvökuna en þar mun Glundroði spila fram eftir nóttu, aðgangseyrir eftir kvöldvöku kr. 2000** (þeir sem hafa greitt inn á kvöldvökuna geta verið áfram á ballinu.)

### **Sunnudagur 2. júní**

**Kl. 11:00-18:00 Þingborg.** Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Gamlir jeppar verða til sýnis á planinu. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með tambólu (hlutaveltu), blóma- og grænmetissölu. Þá verður sögusýning í tilefni af 80 ára afmæli kvenfélagsins. Þá mun kvenfélagið vera með kaffisölu.

**Kl.11:00-17:00 Ullavinnslan Þingborg.** (Gamla Þingborg) Opið hús.

**Kl. 11.00-14.00 Ölvisholti** Hér má skoða lausagönguhesthús/opið hesthús ásamt sjálfvirku fôðurkerfi fyrir hey og kjarnfôður sem henta jafnt fyrir reiðhesta í lausagöngu og í stíum en ennfremur fyrir útgang. Hesthúsið er búið að vera í notkun í þrjú ár. Einnig má hafa samband í síma 892 1340 eða 856 1132 og koma á öðrum tímum ef það hentar betur.

**Kl. 12:00-15:00 Brandshús.** Opið hús í hæsna og dúfnakofunum og hvítar bréfdúfur fljúga um, ungar á stjái.

**Kl. 13:00-18:00 Íslenski bærinn, Torfbærinn í Austur-Meðalholtum.** Íslenski torfbærinn endurspeglar sögu og lífnaðarhætti Íslendinga í aldanna rás. [www.islenskibaerinn.com](http://www.islenskibaerinn.com)

**Kl. 13:00-18:00 Þingborg.** Málverkasýningin „önnur hugmynd“ eftir Sesselju Ásgeirsdóttur, þetta er sýning á olíu- og vatnslitamyndum.

**Kl. 13-18:00 Þingborg.** Lúðvík Karlsson (Liston) sýntir höggmyndir í stein af ýmsum toga, bæði úti og inni.

**Kl. 13:00-18:00 Tré og list** Alexander Ó.B.Kristjánsson á Grund 12 ára er með myndlistarsýningu. Björg Sörensen Selfossi með sýningu á verkum sínum. Nýtt listaverk: Brokkarinn, Sigga á Grund. Nýtt listaverk: Móðir jörð, Ólafur Sigurjónsson. Aðgangseyrir 500, frítt fyrir börn.

**Kl. 13:00-18:00 Sveitabúðin Sóley Tungu.** Heitt á könnunni og svaladrykkur.

**Kl.13:00-17:00 Félagslundur.** Sýning á málverkum eftir Eyjólf Eyfells, einnig verður leiktjald til sýnis sem hann málaði og var notað í Félagslundu. Þá verður kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps með kökubasar enn einnig verða þær með kaffihúsastemmingu þar sem fólki gefst kostur á að kaupa kaffi og kleinur. Einnig sýnir kvenfélagið „slide show“ úr starfi félagsins.

**Kl.13:00-17:00 Félagslundur, sölubásar** ýmsir aðilar verða með sölubása m.a. er tré, gler, þrjónavörur, skartgripir og ýmiskonar hönnun.

**Kl. 13:00-18:00 Starfsíþróttakeppni HSK í Flóaskóla** Keppt verður í þremur greinum: pönnukökubakstri, stafsetningu og að leggja á borð. Það er starfsíþróttanefnd HSK í samstarfi við Umf. Vöku sem stendur fyrir mótinu sem jafnframt er forkeppni fyrir val á keppnisliði HSK á Landsmóti UMFÍ á Sefoss í júlí nk. Skráning fer fram hjá Fanneyju Ólafsdóttur á netfanginu [fanneyo@emax.is](mailto:fanneyo@emax.is) eða í síma 486-3345. Hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um mótahaldið og keppnisreglur.

**Kl. 14:00 Þingborg Þrjónakaffi.** Anna Kristín Helgadóttir kemur og kynnir blaðið sitt þrjónafjör og verður með þrjónaðar flíkur sem er í blaðinu.

**Kl. 14:00-17:00 Þjósárver** Kvenfélag Villingaholtshrepps með girnilegt kaffihlaðborð á vægu verði. **Kl. 15:00** munu **Karíus og Baktus** koma í heimsókn, krakkar það er miklu skemmtilegra að sjá Karíus og Baktus í Þjósárveri en að hafa þá uppi í munnum á sér!

[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

Góða skemmtun!

### **Girðingavinna á Flóamannaafretti**

Stjórn Afréttamálafélags Flóa og Skeiða boðar til girðingavinnu laugardaginn 8. júní n.k. Þá verður fram haldið þeim endurbótum á afréttagirðingunni sem hafist var handa við í fyrra.

Óskað eftir sjálfboðaliðum úr hópi sauðfjárnænda og annara áhugasamra. Allar hendur eru vel þagnar, hvort sem er við girðingavinnu, matseld, vélavinnu eða annað.

Áhugasamir hafi samband við Reyni á Hurðarbaki sem allra fyrst í síma 898-0929. Margar hendur vinna létt verk og maður er manns gaman.

Stjórn Afréttamálafélags Flóa og Skeiða

### **17. júní í Félagslund 2013**

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa fyrir dagskrá við Félagslund á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Hátíðarhöldin hefjast kl. 13:00 á útidagskrá. Keppt verður í íþróttum og farið í leiki fyrir börn og fullorðna. Kaffisamsæti er síðan í Félagslund 2013 að lokinni útidagskrá og er fólk minnt á að taka með sér kökur á kaffiborðið.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslund.

Félögin



## **Frá UMF Baldri:**

### **Æfingar í Einbúa**

Sú nýbreytni verður í sumar að boðið verður upp á leikjaæfingar fyrir krakka 5 ára og eldri í Einbúa. Frjálsíþróttæfingar verða hinsvegar haldnar sameiginlega með Samhygð og Vöku í Þjórsárveri og eru þær auglýstar annars staðar í blaðinu. Fyrsta æfingin verður miðvikudagskvöldið 5. júní nk. frá kl 20:00 til 21:30. Hjördís Björg Viðjudóttir mun hafa yfirumsjón með þessu æfingum þar sem farið verður í allskonar leiki og fleira sér til gamans gert. Endilega allir krakkar að mæta. ATHUGIÐ að það að mæta æfingarnar kostar ekkert fyrir krakkanna, heldur eru æfingarnar í boði Umf. Baldurs.

### **Hreinsunardagur í Einbúa**

Miðvikudagskvöldið 12. júní næstkomandi ætlum við að hittast með sláttuvélar og hrífur að vopni í Einbúa og slá og hreinsa fyrir 17. júní. Grillaðar verða pylsur handa öllum að loknu verki. Á sama tíma verður í gangi æfing hjá krökkunum og eru foreldra hvattir til að mæta og rétta hjálparhönd á meðan börnin sprikla. og svo fá allir pylsur að lokum. Mætið með hrífur, sláttuvélar og öll þau verkfæri/tæki sem þið teljið að gætu komið að notum.  
Stjórnin

### **Hæ hó..... Það er kominn 17. júní**

Umf. Baldur heldur upp á þjóðhátíðardaginn að vanda. Hátíðin verður haldin í Einbúa (nema veður verði leiðinlegt, áskilur Umf. Baldur sér að að flytja dagskránni í Þingborg) og hefst dagskráin kl. 14:00. Flutt verður hátíðarræða og fjallkonan kemur fram og prestur flytur hugvekjju. Þreytt verður víðavangshlaup og víðurkenningar veittar fyrir það. Þá verða leikir og margt til gamans gert. Að lokinni dagskrá verður kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir og fólk hvatt til að koma í Einbúa að fagna þjóðhátíðardeginum.

Stjórn og Skemmtinefnd Umf. Baldurs

### **Langar þig ekki að starfa við Landsmót UMFÍ**

Þeir sem gefa kost á sér til starfa á 27. Landsmóti UMFÍ 4-7 júlí í sumar fyrir hönd Umf. Baldurs eru beðnir um að hafa samband við Baldur Gauta Tryggvason varaformann félagsins í netfangið [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com) og síma 867-3538/776-3538 og tilkynna sig til starfa en félagið þarf að skila af sér starfsmannalista fyrir 10. júní en þá er ætlunin að vera búið að finna alla starfsmenn mótsins sem verður hið glæsilegasta. Einnig er hægt að skrá sig beint hjá mótsstjórn í netfangið [landsmotumfi@umfi.is](mailto:landsmotumfi@umfi.is). En líkt og í fyrra sumar þá munu aðildarfélög HSK fá 70% hlutdeild í mögulegum hagnaði af Landsmótinu í samræmi við þá vinnutíma sem félagsmenn leggja fram í nafni félagsins mótshelgina. Þarna er því kjörið tækifæri til að styrkja félagið á skemmtilegan hátt. Endilega verið þið með í skemmtilegu verkefni.

### **Að lokum**

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáid fréttirnar beint í æð.

## Söfnun áheita, prjónagöngur kvenfélaganna í Flóahreppi

Í tilefni af 85 ára afmæli SSK ætla konur í kvenfélögunum að ganga og prjóna og minnst stofnunar SSK og formæðranna sem gengu um prjónandi á milli bæja. Hvert kvenfélag mun ganga a.m.k. 85 km og safna áheitum til styrktar sjúkrahúsínu.

Við ætlum að prjóna 1200 búta sem síðan verða saumaðir saman og mynda táknrænt veggteppi "Frá fjalli til fjöru-fjöru til fjalls austan og vestan Þjórsár".

Við, kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps stofnuðum sameiginlegan reikning til að safna áheitum.

Hægt verður að heita:

- a) 10 kr fyrir hvern búa í teppinu = 12.000,- kr
- b) 100 kr á hvern genginn km, 85 km x 100 = 8.500,- kr.
- c) greiða ákveðna upphæð að lágmarki 1.000,- kr.

Söfnunarreikningurinn er í vörslu Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps, bankanr: 0152-05-260223, kt: 471077-0119 Einnig má hafa beint samband við formenn félaganna til að leggja þessu góða málefni lið.

Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli, s: 486 3377 / 846 9287

Ingibjörg Einarsdóttir, Langstöðum, s: 482 1035/ 691 7082

Sólveig Þórðardóttir, Skúflæk 2, s: 482 2553/ 869 6534

### **Frá Umf. Vöku:**

#### **Sjálfbodastarf á Landsmóti UMFÍ 2013**

27. Landsmót UMFÍ fer fram á Selfossi dagana 4.-7. júlí næstkomandi. Til þess að mótið verði að veruleika þarf mikinn fjölda sjálfbodaliða. Því eru aðildarfélög og einstaklingar hvött til að bjóða fram krafta sína til vinnu við mótið, hvort sem er við framkvæmd íþróttakeppninnar eða gæslu og þjónustu við keppendur og gesti. Ungmennafélagið Vaka vill að sjálfsögðu fá sem flesta félagsmenn til þess að leggja hönd á plóginn og þannig safna pening fyrir ungmennafélagið en meirihlutinn af hagnaði mótsins rennur til ungmenna- og íþróttafélaga sem leggja starfsmenn til mótsins. Allt er þetta reiknað út frá unnum vinnustundum. Þeir sem hafa áhuga á að starfa við mótið eru beðnir um að hafa samband við Guðmundu fyrir 10. júní næstkomandi í síma 8469775 eða á netfangið [guo22@hi.is](mailto:guo22@hi.is). Koma þarf fram hvaða daga og hversu marga klukkutíma viðkomandi getur unnið og einnig hvað viðkomandi hefur áhuga á að starfa við. Hver klukkutími telur og það er um að gera að hafa samband þó aðeins sé séð fram á að geta unnið í t.d. tvo klukkutíma yfir alla helgina. Fátt er betra en að virkja ungmennafélagsandann í sjálfum sér með því að taka til hendinni á landsmóti!

## Íþróttahátíð HSK í frjálsum íþróttum

29. Íþróttahátíð HSK verður haldin í Þorlákshöfn laugardaginn 15. júní og hefst kl. 10:00. Keppt verður í frjálssíþróttum í flokkum 14 ára og yngri. Í frjálssíþróttum verður keppt á héraðsleikunum, sem eru fyrir keppendur 10 ára og yngri og á aldursflokkamótinu, sem er fyrir 11 - 14 ára.

Keppni hefst kl. 10:00 á laugardeginum og stendur til kl. 15:00. Keppendur mega keppa að hámarki í 5 greinum, auk boðhlaups. Þeim er ekki heimilt að keppa upp fyrir sig í aldri, nema innan sama móts, í þeim greinum sem ekki er boðið upp á í viðkomandi aldursflokki. Tímaseðil má sjá á mótaforriti FRÍ á [www.fri.is](http://www.fri.is).

### ***Keppnisgreinar:***

#### **Aldursflokkamót HSK**

**Stúlkur og piltar 14 ára:** 100 m hlaup - 800 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest – 80m grindahlaup.

**Stúlkur og piltar 13 ára:** 100 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest -80m grindahlaup.

**Stúlkur og piltar 12 ára:** 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

**Stúlkur og piltar 11 ára:** 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

#### **Héraðsleikar HSK**

**Stúlkur og piltar 10 ára:** 60 m - langstökk - kúluvarp - hástökk - 800 m.

**Stúlkur og piltar 9 ára og yngri:** 60 m – langstökk

Verðlaunapeningar verða veittir fyrir þrjú fyrstu sætin í hverri keppnisgrein á aldursflokkamótinu í frjálsum. Á héraðsleikunum fá allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna. Skrá þarf keppendur fyrirfram á mótið hjá Guðmundu í síma 8469775 eða á [guo22@hi.is](mailto:guo22@hi.is), skráningar þurfa að berast fyrir fimmtudagskvöldið 13. júní. Þjótandi á að útvega starfsmenn á mótið og ef einhver hefur áhuga á að starfa við keppnina er um að gera að setja sig í samband við einhvern af formönnum ungmennafélaganna.

## **Héraðsmót HSK í frjálssíþróttum**

Héraðsmót HSK í frjálssíþróttum verður haldið á Selfossvelli dagana 18. og 19. júní nk., Mótið hefst bæði þriðjudag og miðvikudag kl. 19:00 og stendur til kl. 22.00. Upphitun hefst kl. 18:00.

***Keppnisgreinar verða sem hér segir:***

**Konur og karlar fyrri dagur:** 100 m - 400 m - 1500 m - hástökk - þristökk - spjótkest - sleggjukast

**Konur og karlar seinni dagur:** - 100/110 m gr. - 200 m - 800 m - 4x100 m boðhlaup - langstökk - stangarstökk - kringlukast - kúluvarp. - 5000 m hlaup karla.

Skráningarfrestur rennur út sunnudagskvöldið 16. júní og Guðmunda tekur við skráningum í síma 8469775.

Sem fyrir á Þjótandi að útvega starfsmenn á mótið og áhugasamir geta haft samband við formenn ungmennafélaganna.

## Fréttir frá Krakkaborg

Nú er sumarið loksins komið og hafa börn og starfsfólk í Krakkaborg tekið því fagnandi. Vinna við matjurtagarðinn okkar er komin á fullt og stefna tekin á að sá gulrótum og rófum og setja niður kartöflur sem fyrst. Rabarbarinn er farinn að gægjast upp úr moldinni og verður gaman að smakka hann eftir nokkra daga. Við höfum áhuga á að prófa okkur áfram í jarðarberjaræktun en það verður að koma í ljós hvernig til tekst. Búið er að sá sumarblómum og kirsuberjatómötum og fylgjast börnin nú spennt með framvindunni.

Í maímánuði fóru börn á Tígra- og Strumpadeildum í lambaferðir. Börn og starfsfólk Strumpadeildar fóru í heimsókn í Egilsstaðakot. Þar tóku þau Þorsteinn Logi og Cathy vel á móti hópnum í fjárhúsinu og sýndu þeim aðstöðuna þar, kindurnar og lömbin. Voru þau meira að segja svo heppin að fá að sjá lamb fæðast og var það mikil upplifun fyrir marga í hópnum. Einnig var kíkt í hesthúsið og svo fengu allir sér smá nesti en það er nauðsynlegt í svona ferðalögum. Börn og starfsfólk Tígradeildar heimsóttu Reyni og Fanney á Hurðarbaki en þar á einn nemandi Tígradeildar, Helgi, heima. Þar fengu þau góðar móttökur, kíktu í fjárhúsin og voru líka svo heppin að sjá lamb koma í heiminn. Þau fengu einnig að skoða fjósið og hesthúsið og enduðu svo á því að borða nestið sitt og nýbakaðar pönnukökur sem Fanney bauð upp á áður en haldið var aftur í leikskólann. Við viljum þakka heimilisfólkinu í Egilsstaðakoti og á Hurðarbaki kærlega fyrir að leyfa okkur að koma í heimsókn og fyrir að taka svona vel á móti okkur.

Í starfi leikskólans er nóg að gera framundan. 28. maí verður Sumarhátið Krakkaborgar haldin í samstarfi við Foreldrafélag Krakkaborgar. Farið verður í skrudgöngu, kór Krakkaborgar syngur nokkur lög, boðið verður upp á andlitsmálningu og börn fá tækifæri til að prófa að fara á hestbak. Leynigestur mætir á svæðið með spennandi skemmtiatriða og síðast en ekki síst þá verða elstu börn leikskólans útskrifuð með viðhöfn. Foreldrafélagið ætlar svo að grilla pylsur fyrir gesti og einnig verður sýning á listaverkum barnanna í leikskólanum.

Leikskólinn ætlar að vera með opið hús á Fjöri í Flóa föstudaginn 31. maí frá klukkan 8:00 – 11:00. Boðið verður upp á nýbakað brauð og kaffi og býðst gestum að skoða aðstöðuna í Krakkaborg og sýningu á listaverkum barnanna. Klukkan 10:00 kveikjum við varðeld á bálstæðinu okkar ef veður leyfir og verðum þar með söng- og samverustund. Allir eru velkomnir að kíkja í heimsókn til okkar í Krakkaborg.

Júnímánuður verður einnig fjölbreyttur og skemmtilegur. Elstu börnin fara í útskriftarferð að Úlfjótssvatni en þangað er alltaf gaman að koma. Yngri Tígrar og Strumpar fara í lautarferð í skógræktarreitinn hjá Kolsholti en Bangsabörn ætla í stutta lautarferð í nágrenni leikskólans. Í júnímánuði verður meiri áhersla lögð á útinám. Þá erum við mikið úti í fjölbreyttum leikjum og verkefnum þar sem við nýtum náttúruna, umhverfið og ólíkan efnivið til sköpunar. Einnig verðum við með íþróttadag og dótadag, slökkviliðið kemur í heimsókn til okkar og margt fleira skemmtilegt.

F.h. starfsmanna Krakkaborgar  
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri

## Pistillinn

Ég þakka áskorunina Örvar minn.

Fyrir þá sem ekki þekkja til þá heiti ég Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir og er til heimilis að Forsæti I.

Foreldrar mínir heita Ólína Margrét Ólafsdóttir og Ásgeir Þorkelsson. Við erum þrjú systkinin og er ég dæmigert miðjubarn. Ég er fædd og uppalin í Sandgerði og gekk í barnaskólann þar. Þaðan lá leið mín í Menntaskólann að Laugarvatni og útskrifaðist ég þaðan vorið 2004. Árin 2006 til 2009 nam ég Ferðamálafræði við Háskóla Íslands og bjó þá í Reykjavík. Vorið 2009 ákváðu við maðurinn minn, Þórbergur Ólafsson að flytja í Flóann og hef ég verið hér síðan. Þrátt fyrir þessi fáu ár í Flóanum þá hef ég þekkt Villingaholtshrepp allt mitt líf.

Ég er svo lánsöm að eiga móðursystur hérna, hana Stínu í Ferjunesi (Kristínu Þ. Ólafsdóttur). Hún var ávallt tilbúin að leifa mér að vera, í sumarfríum, páskafríum og kennaraverkföllum (upplifði tvö slík). Ég á margar góðar minningar tengdar sveitinni minni eins og ég kalla hana. Gefa lömbunum pela, kíkja í fjósið, fara á fjórhjól, leika við Oddnýju Ásu í barbie (það var sko toppurinn), leikur með beinum, mömmuleik í kofanum góða, renna á vörubíslöngu, það endaði reyndar ekki vel í eitt skiptið. Þá vorum ég, Oddný Ása og Óli að renna okkur á bak við fjósið og þurfti ég auðvitað að renna yfir gaddagirðingu og skemma nýja MAX gallann frá ömmu í Reykjavík (minnir að Óli hafi átt einhvern þátt í því, hann langaði eflaust líka í nýjan Max galla). Það var farið grátandi til Oddu (Oddný Kristjánsdóttir í Ferjunesi) en henni tókst að sjálfsögðu að þerra tárin og bjarga gallanum. Það var einnig mikið sport að láta Óla reiða sig á stóra fjallahjólínu en þá fékk maður að sitja á stönginni. Ein ferðin og jafnframt sú síðasta endaði þannig að ég fór með annan fótinn í teinana og skemmdi nýju grænu Hagkaupsskóna mína (Óla hefur eflaust langað í þá líka). Það var enn og aftur farið grátandi til Oddu og hún þurrkaði tárin og límdi skóinn saman.

Það var alveg sérstök athöfn að heimsækja hana Oddu. Hún var alveg einstök kona, svo hjarthlý og falleg, að innan sem utan. Hún sparaði ekki hrósið og fékk mann ávallt til að líða vel. Það voru því ófá skiptin sem við Oddný Ása æfðum söngva og sungum fyrir Oddu og fengum við að sjálfsögðu mikið og fallett hrós fyrir. Í eitt skiptið fóru fram stífar æfingabúðir í að æfa Snert Hörpu mína, eingöngu til að fá að heyrja falleg orð í okkar garð.

Ég tel mig ákaflega heppna að hafa fengið að kynnast Oddu. Hún kenndi mér margt hvað barnauppleidi varðar, því sú góða tilfinning sem hún fékk mig til að upplifa sem barn er ógleymanleg. Ég segi því að lokum notum hrósið óspart.

Ég ætla að skora á hana Sigrúnu Helgadóttur vinkonu mína í Árprýði til þess að skrifa næsta pistil.

Bestu kveðjur,  
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

### *Fjör í Flóa*

Kvenfélag í Hraungerðishrepp verður með sýningu í Þingborg á myndum og verkum kvenfélagskvenna sem spannar sögu félagsins í 80 ár. Einnig verður félagið með hlutaveltu, sumarblóm og grænmetisölu. Kaffisala verður alla helgina. Á sunnudeginum kemur Anna Kristín Helgadóttir til okkar í þrjónakaffi og kynnir blaðið sitt „þrjónafjör“ og hefur meðferðis þrjónaðar flikur úr blaðinu.

### *Göngum og þrjónum*

Við viljum minna á sameiginlegan áheitaræikning kvenfélaganna vegna þátttöku í verkefninu „frá fjalli til fjöru- fjöru til fjalls austan og vestan Þjórsár“. Allur ágóði rennur til tækjakaupa fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Er það Samband sunnlenskra kvenna sem stendur fyrir þessu í tilefni 85 ára afmælis þess. Erum við í Kvenfélagi Hraungerðishrepps byrjaðar að þrjóna og búnað að ganga u.þ.b. 30 km. Reikningurinn er í vörslu Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps: 0152-05-260223 kt. 471077-0119

### *Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps*

Vorfundurinn verður haldinn í Þingborg mánudaginn 10. júní kl. 20:30. Fjölmönnum og höfum gaman saman.

*Kaffihópur: Anna Margrét Guðmundsdóttir, Ásdís Finnsdóttir, Elínborg Högnadóttir, Helga Baldursdóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Kristinsdóttir og Veronika Narfadóttir.*

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps.

### **Styrktarsöfnun**

Vinir og velunnarar Gauta Gunnarssonar, bónda á Læk í Flóahreppi, hafa opnað styrktaræikning fyrir hann og fjölskyldu hans. Gauti greindist fyrr á þessu ári með krabbamein í höfði og tekst á við þennan alvarlega sjúkdóm af stakri jákvæðni og æðruleysi.

Þeir sem vilja leggja fjölskyldunni lið geta lagt inn á reikning 0152-05-070009, kt.590592-2349 en reikningurinn er í eigu Kvenfélags Hraungerðishrepps sem er verndari söfnunarinnar. Söfnunin stendur yfir til 15. júní en þá verður styrkurinn afhentur fjölskyldunni.

Margt smátt gerir eitt stórt. Sýnum samhug í verki.

Vinir og velunnarar

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

### Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn

fimmtudagskvöldið 6. júní n.k. kl. 20.30. Að þessu sinni ætlum við að fara til Þorlákshafnar og hittast í kaffihúsinu Hendur í Höfn. Að venju byrjum við á því að borða og verður okkur boðið upp á súpu og brauðbar og eftirréttaðisk. Að loknum fundi býðst okkur að skoða okkur um í galleríinu hjá Dagnýju. Rútuferð verður farin frá Þjórsárveri kl. 19.45.

Vinsamlega skráið ykkur hjá formanni, bæði vegna matar og rútu, eigi síðar en 4. júní, á netfangið skufslaekur2@gmail.com eða í síma 869 6534.

Sjáumst hressar og kátar,

### Fréttir af áheitaöngu Kvenfélags Villingaholtshrepps

Í ársriti SSK árið 1988 birtist grein eftir Oddnýju Kristjánsdóttur í Ferjunesi. Þar skrifar hún um ferð sem hún fór sem fylgdarmær með móður sinni Maríu Einarsdóttur í Forsæti á fyrsta ársfund SSK haldinn að Þjórsártúni 1929, en Samband sunnlenskra kvenna var stofnað að Þjórsártúni 30. september 1928.

Við kvenfélagskonurnar erum að ganga í slóð þeirra mæðgna Maríu og Oddnýjar í fjórum áföngum. Þetta er okkar áheitaöng og þrjónarnir verða með í för þar sem við ætlum að leggja okkar skerf til samstarfsverkefnis kvenfélaganna „Frá fjalli til fjöru – fjöru til fjalls austan og vestan Þjórsár“.

Núna erum við búnar að ganga tvo fyrstu áfangana og höfum lagt samtals 51,5 km að baki en takmarkið er að ganga 85 km. Næsta ganga verður úr Egilsstaðahverfi að Urriðafossi þriðjudaginn 4. júní kl 20.30, og sú síðasta mánudaginn 10. júní, en þá göngum við upp að gömlu Þjórsárbrúnni. Þann 23. júní kl 14:00 lýkur svo 85 ára afmælisverkefni SSK með

fjölskyldusamkomu í garðinum í Þjórsártúni. Þangað eru allir velkomnir.

Kristín göngustjóri

### 17. júní í Þjórsárveri

Hin árlega 17. júní skemmtun í Þjórsárveri verður haldin með pomp og prakt í ár eins og vanalega. Kl 13:00 hefst íþróttakeppni krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400m hlaupi. Allir fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Á meðan á íþróttamótinu stendur verður hoppukastalinn sívinsæli fyrir leikskólabörn á sínum stað.

Eftir keppnina halda kvenfélagskonur uppi stuðinu með því að stjórna leikjum en síðan stígur fjallkonan á stökk. Að lokum verður svo kaffi og meðlæti inni í Þjórsárveri. Vegna framkvæmda í eldhúsinu í Þjórsárveri er fólk beðið að koma með bakkelsi sem hægt er að láta beint á veisluborðið. Uppvaski verður haldið í lágmarki þennan dag.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og skemmta sér saman á þjóðhátíðardaginn, bæði börn og fullorðnir.

Ungmennafélagið Vaka  
Kvenfélag Villingaholtshrepps

## Utanhússæfingar í frjálsum íþróttum

Fyrsta sumaræfing ungmennafélaganna í frjálsum íþróttum verður **mánudaginn 3. júní** næstkomandi og verða á **mánudögum** í sumar. Öll þrjú ungmennafélögin standa saman að æfingunum og keppt verður áfram undir merkjum Þjótanda. Æfingarnar verða í klukkutíma frá **19:30-20:30** á íþróttavellinum við Þjórsárver. Æfingin er fyrir alla krakka fædda 2006 og fyrr en ef mæting er góð hjá krökkum fæddum 2002 og eldri verður bætt við auka þjálfara þannig að hægt sé að skipta hópnum meira upp eftir aldri. Þjálfari í sumar verður Guðmunda Ólafsdóttir. Við hvetjum alla til þess að vera duglega við að nýta sér þessar ókeypis æfingar sem ungmennafélögin bjóða uppá. Auk þess hvetjum við alla foreldra til þess að vera duglega við að skiptast á að aka krökkunum á æfingarnar, það er styttra að keyra að Þjórsárveri en margur heldur.☺

## Dagskrá mánaðarins

31. maí-2. júní	Fjör í Flóa
3. júní	Íþróttæfing við Þjórsárver
4. júní	Leikjanámskeið ungmennafélaganna hefst
4. júní	Áheitaþanga Kvenfélags Villingaholtshrepps
5. júní	Leikjakvöld í Einbúa
6. júní	Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps
8. júní	Girðingavinna á Flóamannaafretti
10. júní	Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps
10. júní	Íþróttæfing við Þjórsárver
10. júní	Áheitaþanga Kvenfélags Villingaholtshrepps
12. júní	Leikjakvöld í Einbúa
12. júní	Hreinsunardagur í Einbúa
15. júní	Íþróttahátíð HSK
17. júní	Þjóðhátíðardagurinn
18.-19. júní	Héraðsmót í frjálsum
19. júní	Leikjakvöld í Einbúa
22. júní	Friðarhlaupið í Flóahreppi
24. júní	Íþróttæfing við Þjórsárver
26. júní	Leikjakvöld í Einbúa



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160